

TILRAUNAVERKEFNI WPD Á SAUÐANESHÁLSI

Áhrifamat vatnshlota

19.01.2026

SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

113616-SKY-001-V01

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

01/15

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUÐA

Jódís Bóasdóttir

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ragnhildur Gunnarsdóttir

LYKILORD

Áhrifamat, vatnshlot,
grunnvatnshlot, Sauðanesháls,
Langanes, vindtúrbínur.

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Í vinnslu
☐ Drög til yfirlstrar
☒ Lokið

DREIFING

- ☒ Opin
☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Tilraunaverkefni wpd á Sauðaneshálsi – Áhrifamat vatnshlota

VERKHEITI

wpd: Rýniverkefni

VERKKAUÐI

wpd

HÖFUNDUR

Anna Rut Arnardóttir

ÚTDRÁTTUR

wpd áformar að byggja allt að 9,9 MW vindorkuvirkjun á Sauðaneshálsi, um 5 km austan við Þórshöfn og rétt norðan við Norðausturveg yfir Brekknaheiði. Fyrirhuguð vindorkuvirkjun mun samanstanda af tveimur 150-180 m háum vindtúrbínum. Helsti tilgangur verkefnisins er að auka framboð raforku og stuðla að þannig að orkuskiptum í Langanesbyggð, sem og að afla aukinnar þekkingar á rekstri vindorkuvirkjana á Íslandi.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á grunnvatnshlotið *Þistilfjörður* (nr. 102-145-G) og straumvatnshlotið *Lónsá* (102-1412-R).

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Anna Rut Arnardóttir	15.1.26	Jódís Bóasdóttir	16.1.26	Anna Rut Arnardóttir	19.1.26
		15.1.26	Halla Kristjánsdóttir	17.1.26	Anna Rut Arnardóttir	19.1.26


1 INNGANGUR

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skulu opinberar áætlanir stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir áhrifum 9,9 MW vindorkuvirkjunar á Sauðaneshálsi á vatnshlot. Vindorkuvirkjunin mun samanstanda af tveimur 150-180 m háum vindtúrbínum.

Metin eru áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatnshlotið *Þistilfjörður* (nr. 102-145-G) og straumvatnshlotið *Lónsá* (102-1412-R), sjá mynd 1.1.

Áhrifamatið er unnið samkvæmt leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot [1].



MYND 1.1 Staðsetning fyrirhugaðra vindtúrbína innan grunnvatnshlotsins *Þistilfjörður* (nr. 102-145-G). Einnig sést straumvatnshlotið *Lónsá* (102-1412-R).

Fyrirhuguð er uppbygging allt að 9,9 MW vindorkuvirkjunar á Sauðaneshálsi sem mun samanstanda af tveimur 150-180 m háum vindtúrbínunum. Mynd 1.2 sýnir staðsetningu vindtúrbína og undirstaðna, hönnun á vinnusvæðum og aðkomuvegi, ásamt tillögu að staðsetningu tengivirkis. Gert er ráð fyrir að landnotkun vegna framkvæmdarinnar sé um 3,0-3,1 ha. Í töflu 1.1 er nánar gerð grein fyrir landnotkun. Mögulegt er að fjarlægja ákveðin vinnusvæði að framkvæmdum loknum ef nauðsynlegt er og endurheimta yfirborð lands.

RÝÐING / LEGEND

- Vötn og breiðar ár / Lakes and larger rivers
- Ár og lækir / Watercourse
- Vernað vottendi / Protected wetland
- 15 m helgumsvæði fornleifa / 15 m buffer around archaeological finds
- Takmarkað svæði / Consideration area
- Framkvæmdsvæði / Project area
- Lóðarmörk / Plot borders
- Dvermtál blaða / Rotor diameter
- Staðsetning vindtúrbinu - Undirstaða / WTG Position - Foundation
- Vinnusvæði / WTG Primary area
- Önnur vinnusvæði / WTG Secondary area
- Aðkomuvegur / Access road
- Nýr vegur / New road
- Vegur / Existing road
- Jarðstrengur / Existing underground cable
- Tengipunktur / Connection point

Kennitalfarir vindtúrbinu / WTG Parameters	Heldarhaug / Total height: 180 m
	Haef villihrygg / Hub height: 98 m
Hnitakerfi / Coordinate system	ISN2016 / Lambert 2016

**VINDORKUVIRKJUN
"SAUDANESHÁLS"
TILRAUNAVERKEFNI**
/ WIND FARM "SAUDANESHÁLS" PILOT PROJECT

Grunnteikning / Basic Plan

Númer verkefnis / Project number:	1-74-001
Útgáfudagur / Date:	10.11.2023
Útgáfufyrir / Prepared by:	BREKKI_PLOTT_SA_FSE
Skipting af / Version:	1.0
Stofnun / Institution:	Stofnun um loftslagsbreytingu
Proj. leiðsögur / Proj. development:	Drögmáling / Dev.
Undirskrift / Signature:	

Skala / Scale: 1 : 4,000

Blátt / Blue: Blátt / Blue

Græn / Green: Græn / Green

Brú / Bridge: Brú / Bridge

Staðsetning vindtúrbinu / WTG Position: Staðsetning vindtúrbinu / WTG Position

4

TAFLA 1.1 Áætluð landnotkun vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Ath. að nákvæmar stærðir eru háðar tegund vindtúrbína sem liggur ekki fyrir.

SVÆÐI	ÁÆTLUÐ STÆRÐ	ÁÆTLAÐ HEILDARSVÆÐI
Undirstöður	Um 25-30 m að þvermáli	Um 1100 m ²
Vinnusvæði	Um 42 x 25 m	Um 2100 m ²
Önnur vinnusvæði*	Um 4050 m ² fyrir valkost 1 Um 4550 m ² fyrir valkost 2	Um 8100-9100 m ²
Aðkomuvegur	Grunnur er a.m.k. 5 m að breidd** Slitlag er a.m.k. 4 m að breidd** Lengd er um 1000 m	Um 6000 m ²
Jarðstrengir	Vinnusvæði er um 10-15 m að breidd Lengd er um 1250 m***	Um 13000 m ²
Tengivirki****	Um 50 m ²	Um 50 m ²
Samtals	-	Um 30.350-31.350 m ²

*Önnur vinnusvæði þurfa að vera hindrunarlaos og er hluti þeirra lagður með mól.

**Tölur miða við beinan vegkafla en breidd vega í beygjum er meiri. Breidd í beygjum ræðst af leiðbeiningum frá framleiðanda vindtúrbínu.

***Miðar við lagningu jarðstrengja að tengivirki innan framkvæmdasvæðisins. Einnig þyrfti að leggja nýjan jarðstreng frá tengivirki Rarik á Þórshöfn að tengivirki tilraunaverkefnisins, en sú framkvæmd væri á vegum Rarik.

****Gert er ráð fyrir að heildarsvæði tengivirkis sé um 50 m² sem gæti skipst niður á fleiri en eitt svæði.

Gera má ráð fyrir að uppbygging tilraunaverkefnisins taki um 12-18 mánuði, en að framkvæmdir verða í lágmarki yfir háveturinn vegna erfiðra veðurskilyrða. Gert er ráð fyrir að undirstöður vindtúrbínanna verði gerðar á þjappaðri fyllingu og steinsteyptar. Þær ná niður á um 3 m dýpi en þurfa ekki að ná niður á fastan punkt. Vindtúrbínunar verða fluttar til landsins með skipum og þaðan með þungaflutningum. Á staðnum eru turnar túrbínanna reistir með krönum.

Áætlað er að rekstrartímabil vindorkuvirkjunarinnar sé um 20-25 ár. Að þeim tíma loknum er annað hvort farið í endurvirkjun eða niðurrif. Endurvirkjun felur í sér niðurrif eldri vindtúrbína og uppsetningu á nýjum vindtúrbínum í staðinn fyrir þær eldri. Niðurrif felst í því að vindtúrbínur eru teknar í sundur og fluttar af svæðinu ásamt tengivirki og skyldum innviðum. Hluti af undirstöðum eru fjarlægðar en allt sem er staðsett meira en hálfan meter neðanjarðar er skilið eftir undir jöfnuðu yfirborði. Ef fjarlægja á undirstöðu í heild sinni, sem oft er gert með sprengiefni, má búast við að brot og uppgröftur á undirstöðu hafi meiri umhverfisáhrif en ef hluti undirstöðunnar er skilinn eftir neðanjarðar. Vegir og vegtengingar eru fjarlægðar nema annars sé óskað af yfirvöldum eða landeigendum.

Almennt verður olía eða önnur mengandi efni ekki geymd á svæðinu. Ef þess gerist þörf verða þau efni geymd á afmörkuðu svæði á þann hátt að hugsanlegur leki eða slysalosun geti ekki valdið megnun. Hins vegar er olía í vélarhúsi túrbínanna (aðallega smurolía) og í spennubreytinum þar sem tilheyrandi mengunarvarnir eru til staðar.

1.2 Framkvæmdasvæðið

Staðsetning fyrirhugaðrar framkvæmdar er á jörðinni Hraunkot á Sauðaneshálsi, rétt norðan við Norðausturveg yfir Brekknaheiði og rúmlega 5 km austan við Þórshöfn. Sunnan við Sauðanesháls er Brekknaheiði, en svæðin eru aðgengilegar lágheiðar sem einkennast af móum, melum og þónokkrum votlendum. Gunnólfsvíkurfjall er staðsett um 5 km austan við fyrirhugaða framkvæmd. Yfirstandandi eru framkvæmdir á nýjum Norðausturveg yfir Brekknaheiði og er áætlað að þeim framkvæmdum ljúki árið 2026. Hönnun tilraunaverkefnis er gerð með tilliti til legu núverandi, sem og nýja vegarins.

Verndarsvæði

Vatnshlotin *Þistilfjörður* (nr. 102-145-G) og *Lónsá* (102-1412-R) tengjast ekki vernduðum og viðkvæmum svæðum eins og þau eru skilgreind í 15. gr. reglugerðar nr. 535/2011¹. Vatnsverndarsvæði er í Gunnólfsvíkurfjalli í um 4 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu.

1.3 Vatnshlot sem gætu orðið fyrir áhrifum

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér jarðvinnu og notkun vinnutækja sem mögulegt er að geti haft áhrif á vatnshlot. Framkvæmdasvæðið fellur innan grunnvatnshlotsins *Þistilfjörður* (102-145-G) sem tilheyrir vatnasvæði Norðausturlands. Magnstaða og efnafræðilegt ástand þess er óþekkt og ekkert álag er skráð á vatnshlotið. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að viðhalda góðri magnstöðu og efnafræðilegu ástandi. Samkvæmt Vatnavefsja er straumsvatnshlotið *Lónsá* (102-1412-R) einnig innan framkvæmdasvæðisins. Samkvæmt kortasjá Langanesbyggðar er hins vegar um að ræða Vatnadalslæk sem rennur í Ásselsvatn sem er staðsett um 2 km norðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Úr vatninu rennur Hólslækur sem sameinast að lokum *Lónsá* við bæinn Ytra-lón. Einnig rennur lækjarkvísl í Geysirófu, rétt austan við staðsetningar vindtúrbínanna en kvíslin er ekki afmörkuð sem straumvatnshlot í Vatnavefsja. Í þessu áhrifamati eru áhrif á læki og ár þó metin sameiginlega undir heitinu *Lónsá*. Efnafræðilegt ástand *Lónsár* er óþekkt og ekkert álag er skráð á vatnshlotið. Umhverfismarkmið straumvatnshlotsins er að halda mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Nánari upplýsingar um vatnshlotin má sjá í töflum 1.2 og 1.3.

Í þessu áhrifamati eru metin áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á grunnvatnshlotið *Þistilfjörður* (nr. 102-145-G), straumsvatnshlotið *Lónsá* (102-1412-R). Vatnshlotin eru sýnd á mynd 1.

¹ https://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Vernduð_svæði.pdf

TAFLA 1.2 Helstu upplýsingar um grunnvatnshlotið *Pistilfjörður*, úr Vatnavefsjá [2].

HEITI	ÞISTILFJÖRÐUR
Númer vatnshlots	102-145-G
Flatarmál (km ²)	1462,3
Magnstaða	Óþekkt
Efnafræðilegt ástand	Óþekkt
Umhverfismarkmið fyrir magnstöðu	Góð
Efnafræðilegt umhverfismarkmið	Gott
Áhætta	Óskilgreind
Vernduð og viðkvæm svæði	Engin skráð
Álag á vatnshlotið	Ekkert skráð

TAFLA 1.3 Helstu upplýsingar um straumvatnshlotið *Lónsá*, úr Vatnavefsjá [3].

HEITI	LÓNSÁ
Númer vatnshlots	102-1412-R
Heildarlengd (km)	54,2
Vatnagerð	RL3, bergvatn undir miklum áhrifum vatna/votlendis
Vistfræðilegt ástand	Mjög gott, en áreiðanleiki lítill
Efnafræðilegt ástand	Óþekkt
Vistfræðilegt umhverfismarkmið	Mjög gott
Efnafræðilegt umhverfismarkmið	Gott
Áhætta	Ekki í hættu
Vernduð og viðkvæm svæði	Engin skráð
Álag á vatnshlotið	Ekkert skráð

2 MAT Á UMFANGI

2.1 Grunnvatnshlot

Ástand grunnvatnshlota er skilgreint út frá magnstöðu og efnafræðilegu ástandi þeirra. Í töflu 2.1 er yfirlit yfir þá matsþætti sem notaðir eru við mat á áhrifum á grunnvatnshlot. **Magnstaða** er metin út frá hæð grunnvatnsyfirborðs og **efnafræðilegt ástand** út frá almennum atriðum tengdum styrk mengunarefna og leiðni [1].

Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á magnstöðu grunnvatnshlotsins *Þistilfjörður*. Engin vatnstaka eða niðurdæling er fyrirhuguð í grunnvatn. Þar af leiðandi mun framkvæmdin ekki valda því að breytingar verði á leiðni vegna innstreymis salts vatns inn í grunnvatnshlotið. Sá þáttur sem mögulega getur haft áhrif á grunnvatn er ef mengunarslys á sér stað. Í áhrifamatinu eru áhrif framkvæmdarinnar á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins því metin og fjallað um hvernig komið verður í veg fyrir mengunarslys.

TAFLA 2.1 Yfirlit yfir matsþætti sem horft er til við mat á áhrifum á magnstöðu og efnafræðilegu ástandi grunnvatnshlota, sbr. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot [1].

	MATSPÁTTUR	SKILGREINING Á GÓÐU ÁSTANDI	GÆÐAPÁTTURINN ER TEKINN FYRIR Í ÁHRIFAMATI
Magnstaða	Hæð grunnvatnsyfirborðs	Hæð vatnsborðs í grunnvatnshlotinu er þannig að meðalvatnstaka á ári til langs tíma er ekki meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk. Hæð grunnvatnsborðsins verður þar af leiðandi ekki fyrir breytingum af mannavöldum sem gætu haft í för með sér: - að ekki tekst að ná umhverfismarkmiðunum, sem tilgreind eru í 10. og 11. gr. fyrir yfirborðsvatn sem tengjast grunnvatnshæðinni, - að ástandi slíks vatns hrakar umtalsvert, - umtalsvert tjón á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu beint, og breytingar á straumstefnu, sem stafa af vatnsborðsbreytingum, geta átt sér stað tímabundið, eða stöðugt á afmörkuðu svæði, en slíkar breytingar hafa ekki í för með sér innstreymi salts vatns eða annars og benda ekki til viðvarandi og greinilegrar breytingar á straumstefnu af mannavöldum sem líklegt er að leiði til slíks innstreymis.	
Efnafræðilegt ástand	Almennt	Efnafræðileg samsetning grunnvatnshlotsins er þannig að styrkur mengunarvalda: - eins og hann er tilgreindur hér á eftir, sýnir ekki áhrif vegna innstreymis salts vatns eða annarra efna - er ekki yfir umhverfismarkmiðum - er ekki þannig að það geti leitt til þess að umhverfismarkmiðin, sem tilgreind eru í 7. og 8. gr. fyrir tengt yfirborðsvatn, náist ekki né til þess að vistfræðilegum eða efnafræðilegum gæðum slíkra vatnshlota hrakaði umtalsvert eða umtalsvert tjón yrði á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu.	X

	MATSPÁTTUR	SKILGREINING Á GÓÐU ÁSTANDI	GÆÐAPÁTTURINN ER TEKINN FYRIR Í ÁHRIFAMATI
	Leiðni	Breytingar á leiðni benda ekki til innstreymis salts vatns eða annars inn í grunnvatnshlotið.	

2.2 Straumvatnshlot

Straumvatnshlot tilheyrir yfirborðsvatnshlotum og er ástand þeirra metið út frá **vistfræðilegu** og **efnafræðilegu ástandi** þeirra.

Í töflu 2.2 er yfirlit yfir líffræðilega, efna- og eðlisefnafræðilega, og vatnsformfræðilega gæðapætti sem notaðir eru við mat á áhrifum á vistfræðilegt ástand straumvatnshlota, samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota og leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar (UOS) um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot [1].

Við mat á áhrifum á efnafræðilegt ástand straumvatnshlota þarf að skoða sérstaklega hvort fyrirhuguð framkvæmd eða starfsemi hafi í för með sér losun á þeim forgangsefnum og öðrum mengandi efnum sem tilgreind eru í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og listuð eru upp í töflum 14, 15 og 16 í leiðbeiningum UOS um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot [1].

Af þeim gæðapáttum sem skilgreindir eru fyrir vistfræðilegt ástand er aðeins talið að fyrirhuguð framkvæmd muni geta haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapáttinn vatnsbúskap og áhrif framkvæmdarinnar því aðeins metin fyrir þann þátt. Einnig er fjallað um möguleg áhrif á efnafræðilegt ástand ef mengunarslys á sér stað.

TAFLA 2.2 Yfirlit yfir gæðapætti (líffræðilega, efna- og eðlisefnafræðilega, og vatnsformfræðilega þætti), forgangsefni og önnur mengandi efni sem horft er til við mat á áhrifum á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand straumvatnshlota, sbr. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota og leiðbeiningar UOS um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot [1].

		GÆÐAPÁTTUR	MATSPÁTTUR	GÆÐAPÁTTURINN ER TEKINN FYRIR Í ÁHRIFAMATI
Vistfræðilegt ástand	Líffræðilegir gæðapættir	Botnpörungar	• Blaðgræna a á steinum (mg/cm ²)	
		Hryggleysingar á mjúkum botni	• Shannon jafndreifi • Shannon fjölbreytileiki • Tegundaauði	
		Fiskur	• Tegundasamsetning fiska	
	Efna- og eðlisfræðilegir gæðapættir	Rafleiðni	• Leiðni (μS/cm)	
		Súrnunarástand	• Sýrustig (pH) – lækun á pH	
		Basavirkni	• Basavirkni (meq/l)	
		Súrefni	• Súrefni (mg/l)	
		Næringarefni	• Fosfat PO ₄ (μmól/l) • Nítrat NO ₃ (μmól/l) • Ammóníum (μmól/l)	

		GÆÐAÞÁTTUR	MATSPÁTTUR	GÆÐAÞÁTTURINN ER TEKINN FYRIR Í ÁHRIFAMATI
	Vatnsfræðilegir gæðabættir	Samfella	- Varnargarðar - Niðurgroftur árinna - Stíflur í farvegi - Uppskipting farvegar - Lónaáhrif - Uppistöðuáhrif - Mannvirki önnur en stíflur	
		Vatnsbúskapur	- Heildarrennsli - Lágrennsli sumar - Lágrennsli vetur - Tíðni 1 ára flóða - Tíðni 10 ára flóða - Skammtíma rennslisbreytingar (peaking) - Hraði rennslisbreytinga	x
Efnafræðilegt ástand	Forgangsefni		- Ársméðaltal (ÁM) forgangsefna - Leyfilegur hámarksstyrkur (LHS)	x
	Önnur mengandi efni			
	Vaktlistaefni (lyfjaleifar og varnarefni)			

3 MAT Á ÁHRIFUM

Í eftirfarandi köflum er mat lagt á áhrif framkvæmdanna á gæðabætti grunnvatnshlotsins *Pistilfjörður* (nr. 102-145-G) og straumvatnshlotsins *Lónsá* (102-1412-R).

3.1 Grunnvatnshlotið Pistilfjörður (nr. 102-145-G)

3.1.1 Efnafræðilegt ástand

Almennt

Á framkvæmdatíma verða vinnutæki sem innihalda olíu notuð við jarðvinnu og uppsetningu vindtúrbína. Einnig er olía í vélarhúsi túrbínanna (aðallega smurolía) og í spennubreyti.

Ef til þess kemur að olía leki í vindtúrbínu þá er lokað kerfi/svæði í vélarhúsinu (e. rotor hub) og efri hluta turnsins sem tekur við lekanum. Lekavörnin er hönnuð þannig að hún getur tekur við öllu því magni sem er af olíu í búnaðinum og kemur þannig í veg fyrir að olía sem lekur fari út í umhverfið. Ef leki á sér stað sendir stjórnkerfi túrbínanna jafnframt villuboð. Vindtúrbínurnar verða skoðaðar í þjónustuskoðun á að minnsta kosti hálfs árs fresti.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir að olía eða önnur megnandi efni verði geymd á svæðinu. Ef þess gerist þörf verða þau efni geymd á afmörkuðu svæði/plani á þann hátt að hugsanlegur leki eða slysalosun geti ekki valdið megnun jarðvegs eða vatns. Eins verða viðeigandi lekavarnir og

mengunarvarnarbúnaður til staðar á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir að olía eða glussi leki frá vinnutækjum. Settar verða kröfur varðandi þetta í útboðslýsingu vegna framkvæmdanna.

Byggt á framangreindu er ekki talið að fyrirhuguð framkvæmd og rekstur vindtúrbínanna muni áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins *Pistilfjörður* (nr. 102-145-G).

3.2 Straumvatnshlotið Lónsá (102-1412-R)

3.2.1 Vistfræðilegt ástand

Vatnsformfræðilegir gæðapættir: Samfella

Upptök nokkurra lækjarkvísla eru innan framkvæmdasvæðisins. Um er að ræða upptök Vatnadalslækjar og lækjarkvíslar sem rennur í Geysirófu en hér er sameiginlega fjallað um þessar kvíslar sem straumvatnshlotið Lónsá, í samræmi við Vatnavefsjá. Við hönnun vega, vinnusvæða og undirstaða vindtúrbína hefur verið tekið tillit til legu þessara lækjarkvísla og mun framkvæmdin því ekki hafa bein áhrif á kvíslarnar. Ekki er hægt að útiloka að jarðvinna og grundun tengd undirstöðum, vinnusvæðum og gerð aðkomuvegar valdi tímabundnum breytingum á vatnsstreymi í næsta nágrenni sínu sem síðan geti haft óbein áhrif á nálægar lækjarkvíslar. Þetta er þó háð gerð mannvirkja og jarðvegsaðstæðum. Gert er ráð fyrir að undirstöður vindtúrbínanna verði gerðar á þjappaðri fyllingu og steinsteyptar. Koma þær til með að ná niður á um 3 m dýpi og þurfa ekki að ná niður á fastan punkt. Mögulegt er að vatn á svæðinu safnist í holur þegar grunnar eru grafnir en gera má ráð fyrir að vatnsbúskapur komist í eðlilegt horf eftir að undirstöður eru steiptar og fyllt hefur verið í holurnar. Þetta eru því tímabundin áhrif sem muni hafa minniháttar áhrif á Lónsá.

Mögulegt er að notast verði við vatn úr lækjum innan framkvæmdasvæðisins á framkvæmdatíma ef nauðsynlegt er. Almennt er vatn sem sótt er innan framkvæmdasvæðisins aðeins notað til þéttingar á jarðefni við jarðvinnu og vegagerð, vinnu við undirbúning og frágang á uppsteypu, eða því sprautað yfir lausamöl og sand til að draga úr svifryki við mjög þurrar aðstæður.

Byggt á framangreindu eru áhrif framkvæmdarinnar á samfellu straumvatnshlotsins Lónsá metin lítilsháttar og tímabundin.

3.2.2 Efnafræðilegt ástand

Forgangsefni

Í olíu er að finna bensen sem er eitt af þeim efnum sem tilgreind eru í reglugerð nr. 796/1999 og í töflu 14 í leiðbeiningum UOS um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot [1]. Vinnutæki sem innihalda olíu verða notuð við jarðvinnu og uppsetningu vindtúrbína á framkvæmdatíma. Einnig er olía í vélarhúsi túrbínanna (aðallega smurolía) og í spennubreytinum. Á framkvæmda- og rekstrartíma verður komið í veg fyrir að mengandi efni losni út í umhverfið, samanber umfjöllun í kafla 3.1.1.

Engin önnur efni sem tilgreind eru í töflum 14, 15 og 16 í leiðbeiningum UOS [4] verða notuð eða losuð í tengslum við framkvæmdirnar. Því er ekki talið að fyrirhuguð framkvæmd og rekstur vindtúrbínanna muni áhrif á efnafræðilegt ástand straumvatnshlotsins *Lónsá*.

4 NIÐURSTAÐA

Fyrirhuguð uppbygging vindtúrbína felur í sér jarðvinnu og notkun vinnutækja. Framkvæmdin er innan grunnvatnshlotsins *Pistilfjörður* (nr. 102-145-G). Innan framkvæmdasvæðisins eru jafnframt nokkrar lækjarkvíslar sem hér er fjallað um sem straumvatnshlotið *Lónsá* (102-1412-R) í samræmi við Vatnavefsjá [4].

Engin vatnstaka eða niðurdæling mun eiga sér stað í grunnvatn og því mun framkvæmdin **engin áhrif** hafa á **magnstöðu** grunnvatnshlotsins *Pistilfjörður* (nr. 102-145-G). Vinnutæki sem innihalda olíu verða notuð á framkvæmdatíma auk þess sem olía verður vélarhúsi túrbínanna (aðallega smurolía) og í spennubreyti. Vindtúrbínur er hannaðar þannig að ef olíuleki á sér stað úr vélarhúsi eða spennubreyti safnast hún fyrir innan túrbínunnar og losnar ekki út í umhverfið. Jafnframt verður eftirlit haft með mögulegum leka. Á framkvæmdatíma verða viðeigandi lekavarnir og mengunarvarnarbúnaður til staðar ef einhverskonar leki á sér stað frá vinnutækjum. Vegna þessa er **ekki** talið að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa áhrif á **efnafræðilegt ástand** grunnvatnshlotsins *Pistilfjörður* eða straumvatnshlotsins *Lónsá*.

Við hönnun vega, vinnusvæða og undirstaðna vindtúrbína hefur verið tekið tillit til nálægra lækjarkvísla. Mögulegt er að jarðvinna og grundun tengd undirstöðum, vinnusvæðum og gerð aðkomuvegar valdi tímabundnum breytingum á vatnsstreymi í næsta nágrenni sínu sem síðan geti haft óbein áhrif á nálægar kvíslar. Þessi áhrif eru þó tímabundin á meðan grunnar undirstaðna eru grafnir og áhrif þessa nálægar lækjarkvíslar, þ.e. *Lónsá*, talin minniháttar. Áhrif framkvæmdarinnar á **vistfræðilegt ástand** straumvatnshlotsins *Lónsá* eru því metin lítilsháttar og tímabundin.

Í töflum 4.1 og 4.2 er samantekt á niðurstöðum áhrifamatsins.

TAFLA 4.1 Samantekt á niðurstöðum áhrifamatsins fyrir grunnvatnshlot.

	MATSPÁTTUR	ÁHRIF Á GRUNNVATNSHLOT
		<i>Pistilfjörður</i> (nr. 102-145-G)
Magnstaða	Hæð grunnvatnsyfirborðs	Engin áhrif, þar sem að engin vatnstaka eða niðurdæling mun eiga sér stað
Efnafræðilegt ástand	Almennt	Engin áhrif, með fyrirbyggjandi aðgerðum verður komið í veg fyrir losun mengandi efna
	Leiðni	Engin áhrif, ekkert innstreymi salts vatns

TAFLA 4.2 Samantekt á niðurstöðum áhrifamatsins fyrir straumvatnshlot.

	MATSPÁTTUR		ÁHRIF Á STRAUMVATNSHLOT
			Lónsá (102-1412-R)
Vistfræðilegt ástand	Líffræðilegir gæðabættir	-	Engin áhrif
	Efna- og eðlisfræðilegir gæðabættir	-	Engin áhrif
	Vatnsformfræðillegir gæðabættir	Samfella	Lítilsháttar, tímabundin áhrif möguleg á meðan að grafið er fyrir undirstöðum vindtúrbína
Efnafræðilegt ástand	Almennt		Engin áhrif, með fyrirbyggjandi aðgerðum verður komið í veg fyrir losun mengandi efna

Byggt á framangreindu er það mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni ekki leiða til þess að ástand grunnvatnshlotsins *Pistilfjörður* og straumvatnshlotsins *Lónsá (102-1412-R)* hnigni né að þau nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

5 HEIMILDASKRÁ

- [1] Umhverfis- og orkustofnun og Stjórn vatnamála, „Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot,“ Umhverfis- og orkustofnun, Reykjavík, 2024.
- [2] Stjórn Vatnamála, „Vatnavefsjá, Þistilfjörður,“ [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-145-G>.
- [3] Stjórn Vatnamála, „Vatnavefsjá, Lónsá,“ [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-1412-R>.
- [4] Stjórn Vatnamála, „Vatnavefsjá,“ Veðurstofa Íslands og Landmælingar Íslands, 2018.